

Ákvörðun 23/2021
Mánudagurinn, 7. júní 2021

Kaup Íslenskrar útivistar 2021 ehf. á öllum rekstri og eignum tengdum smásöluversluninni Útilíf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna Íslenskrar útivistar 2021 hf. (hér eftir „Íslensk útivist“) og Útilífs. Við samrunann eignast Íslensk útivist allan rekstur og eignir tengdar smásöluversluninni Útilíf. Íslensk útivist er nýtt einkahlutafélag sem stofnað var sérstaklega um kaup eigendafélagsins á rekstri og eignum Útilífs. Útilíf er eining innan Haga verslana ehf. (hér eftir „Haga verslana“) sem sérhæfir sig í smásölu á sviði íþróttá- og útivistar. Innan Haga verslana undir merkjum Útilífs eru reknar tvær verslanir á höfuðborgarsvæðinu í Kringlunni og Smáralind auk vefverslunar.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 30. apríl 2021. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar samrunans því að líða 3. maí 2021. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði og opinberra gagna, auk þess sem eftirlitið leitaði upplýsinga með samtölum við nokkra keppinauta Útilífs.
3. Starfsemi samrunaaðila sem starfa að mestu leyti á ólíkum mörkuðum, er eftirfarandi:
 - a) Útilíf er eining innan Haga verslana sem sérhæfir sig í smásölu á sviði íþróttá- og útivistar. Innan Haga verslana undir merkjum Útilífs eru reknar tvær verslanir á höfuðborgarsvæðinu, í Kringlunni og Smáralind auk vefverslunar. Hagar verslanir er dótturfélag Haga hf. Undir hatti Haga verslana eru fyrirtækin Bónus, Hagkaup, Aðföng og Útilíf.
 - b) Íslensk útivist er nýtt einkahlutafélag sem stofnað var sérstaklega um kaup eigenda félagsins á rekstri og eignum Útilífs. Tilgangur félagsins er samkvæmt samþykktum verslunarrekstur, innflutningur, eignausýsla, kaup, sala og rekstur fasteigna, fjárfestingar í félögum með skylda starfsemi, lánastarfsemi, kaup og sala annarra eigna og annar skyldur rekstur. Með yferráð í Íslenskri útivist fer Íslensk fjárfesting ehf. (hér eftir „Íslensk fjárfesting“) og heldur félagið á 60% hlut í Íslenskri útivist. J.S. Gunnarsson hf. (hér eftir J.S. Gunnarsson) heldur á 40% hlut.
 - Íslensk fjárfesting er fjárfestingarfélag í eigu Arnars Þórissonar og Þóris Kjartanssonar. Fjárfestingar félagsins hafa einkum verið á sviði ferðabjónustu, heilbrigðisþjónustu og fasteignapróunar. Félagið eða dótturfélög þess hafa engin tengsl við smásölu nema á sviði ferðabjónustu, s.s. með sölu ferða og gistingar, auk sölu á fasteignum.
 - J.S. Gunnarsson er innflutningsfyrirtæki sem sérhæfir sig í innflutningi og sölu á útivistar-, sport- og skófatnaði. Helstu vörumerki fyrirtækisins í dag eru Didriksons, Viking, Kombi, Arena, Sixmix, Tamaris ásamt fleirum. Fyrirtækið er í



eigu systkinanna Heiðu Gunnarsdóttur, Jóhanns Inga Gunnarssonar og Steindórs Gunnarssonar.

4. Í samrunaskrá byggja samrunaaðilar á því að ráðandi eigandi Íslenskrar útivistar, Íslensk fjárfesting, starfi ekki á þeim mörkuðum sem samruninn tekur til á meðan fráfarandi eigandi starfi á margvíslegum smásölumörkuðum. Samruninn stuðli því að því að aðilum á smásölumarkaði fjölgi. J.S. Gunnarsson starfar síðan á markaði fyrir heildsölu á skófatnaði annars vegar og hins vegar á markaði fyrir innflutning og heildsölu á útivistar- og lífstílsvörum. Félagið er einn af fjölmörgum birgjum Útilífs en af sölu J.S. Gunnarssonar til Útilífs má helst nefna heildsölu á Didriksons útivistarfatnaði og Arena sundfatnaði. Samkvæmt sundurliðaðri sölu Útilífs á árinu 2020 er hlutfall J.S. Gunnarssonar um []¹ af heildarveltu Útilífs.
5. Í samrunaskrá segir einnig að lítill hluti rekstrar Útilífs sé á sama markaði og J.S. Gunnarsson að því leyti að Útilíf starfar á heildsölumarkaði með útivistar- og lífstílsvörur. Nánar tiltekið einkum með heildsölu á vörum The North Face til annarra verslana á Íslandi. Alls nemur þessi sala []² af heildartekjum Útilífs árið 2020.
6. Samkeppniseftirlitið fellst á það með samrunaaðilum að ekki séu vísbendingar um að aðilar málsins hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu með samruna þessum og teljast samkeppnisleg áhrif óveruleg enda starfa þeir að mestu leyti á ótengdum mörkuðum og sú skörun sem er á milli rekstrar J.S. Gunnarssonar og Útilífs er takmörkuð.
7. Eftir að hafa athugað þær upplýsingar sem liggja fyrir í málinu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé tilefni til þess að grípa til íhlutunar vegna samrunans en að mati Samkeppniseftirlitsins eru engar vísbendingar um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð

„Kaup Íslenskrar útivistar á öllum rekstri og eignum tengdum smásöluversluninni Útilíf fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í málinu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

¹ Trúnaðarupplýsingar.

² Trúnaðarupplýsingar.